

Alþingi
Erindi nr. P 135/11
komudagur 23.11.2007

Akureyri 20. október 2007.

Fjárlaganefnd Alþingis,
Gunnar Svavarsson, formaður

Efni: Ályktun stjórnar Félags skógarbænda á Norðurlandi varðandi fjárveitingar til landshlutaverkefna í skógrækt

Á stjórnarfundi Félags skógarbænda á Norðurlandi 19. október 2007 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Samkvæmt nýlega birtum fjárlagatillögum fyrir árið 2008 er ekki gert ráð fyrir hækkun fjárframlaga til landshlutaverkefna í skógrækt.

Árið 2003 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um fjármagn til landshlutaverkefna í skógrækt. Samkvæmt tillögunni var gert ráð fyrir um 10% hækkun fjárframlaga ár hvert auk verðlagshækkana.

Eðli verkefnanna og framkvæmdir í skógrækt kalla á langtímaáætlanir um fjárveitingar. Slíkt tryggir trúverðugleika og markvissara og skilvirkara starf.

Það hafa verið afar mikil vonbrigði að síðustu ár hefur ekki verið staðið við fjárveitingar samkvæmt tillögunni og nú er svo komið að verði ekki um auknar fjárveitingar að ræða á næsta ári munu landshlutaverkefnin neyðast til að draga saman seglin, segja upp fólki og rifta samningum við plöntuframleiðendur.

Þetta mundi hafa afar neikvæð áhrif á uppbyggingu verkefnanna, rýra tekjur skógarbænda og fækka störfum á landsbyggðinni.

Þess má geta að samkvæmt greinargerð Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri má áætla að landshlutaverkefnin í skógrækt hafi skapað um 117 ársverk á landsbyggðinni á árinu 2006.

Stjórn Félags skógarbænda á Norðurlandi skorar á fjárlaganefnd að hækka fjárframlög til landshlutaverkefnanna í skógrækt og tryggja þar með viðgang og uppbyggingu þeirrar auðlindasköpunar sem unnið er að á hátt í 1000 lögbýlum á Íslandi.

Ennfremur leggur stjórnin áherslu á að fjárlaganefnd beiti sér fyrir því að Landssamtökum skógaræigenda verði veitt fjármagn til að standa straum af kostnaði við starfsmann sem hefði m.a. það hlutverk að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum skógarbænda, svo sem stefnumörkun í úrvinnslumálum og markaðssetningu skógarafurða.

Virðingarfyllst

F.h. Félags skógarbænda á Norðurlandi

Álfhildur Ólafsdóttir

Álfhildur Ólafsdóttir, formaður

Afrit sent:

Landbúnaðarnefnd Alþingis

Landbúnaðarráðherra